

Alfreð Björn Gíslason
Drápuhlíð 42
Reykjavík

Garðabær, 26. september 2025
202509-0154/P.V.B.
10.02.01

Efni: leyfi til kvikmyndatöku við - Jökulsárlón

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Alfreð Björn Gíslason, dagsett 24. september 2025, um leyfi til kvikmyndatöku innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Skv 15. gr. a. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tímabundið einstökum svæðum þjóðgarðsins ef það er nauðsynlegt vegna viðburða eða verkefna sem veitt hefur verið leyfi fyrir. Einungis er heimilt að fljúga dróna fyrir kl. 10:00 eða eftir kl. 17:00 við Jökulárslón og Fellsfjöru.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til myndatöku við Jökulárslón og Fellsfjöru þann 28 september 2025 milli kl 7:00 til 20:00. Að tökunum kæmu 4 starfsmenn. Við tökurnar yrði notuð myndavél á þrífæti og dróni. Drónaflugið færi fram fyrir kl. 10:00 og eftir kl. 17:00.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefni komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins. Sé farið að skilyrðum leyfisins ætti verkefnið ekki að hafa neikvæð áhrif á upplifun annara gesta.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Alfreði Birni Gíslasyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökunni innan Vatnajökulspjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan þann 28. september 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Drónaflug er óheimilt á svæðinu milli kl 10:00 og 17:00 og á svæði sem er rauðmerkt á meðfylgjandi vefslóð <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/thjodgardurinn/reglur-um-notkun-flygilda-i-aftthreyingarskyni>

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjöld vegna leyfisveitinga og samninga skv. 2. mgr. 21. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007. Gjöldin eru innheimt samkvæmt reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu nr. 324/2025. Gjald fyrir útgáfu leyfa er 50.000 kr. sbr. gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs nr. 324/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Þórhallur Jóhannsson

Þjóðgarðsvörður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur